



FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD

# Tryggingar ferðaskrifstofa á Óvissutímum

Nanna Björnsdóttir, lögfræðingur

Erla Sigurðardóttir, verkefnastjóri



# Endurmat tryggingafjárhæða

- Lögbundinn frestur 1. apríl n.k.
  - Ekki veittur viðbótarfrestur heldur lögð áhersla á vönduð og tímanleg skil enda eru þau forsenda þess að ferðaskrifstofur geti fengið tryggingarfjárhæðir endurmetnar.
- Fyrirsjáanlegt að tryggingarútreikningur flestra ferðaskrifstofa myndi byggjast á tryggingarskyldum tekjum ársins 2019.
- Miklar fjárhæðir ferðaskrifstofa bundnar í tryggingunum
- Nauðsynlegt að koma til móts við atvinnugreinina
- Má ekki vera á kostnað neytendaverndarinnar
  - Verður að tryggja að nægi fyrir kröfum ef það kemur til þess að það reyni á tryggingarnar
- Tímabundinn viðauki við 8. gr. sem gildi einungis um endurskoðun tryggingarfjárhæðar vegna ársins 2020 og er bundinn við áhrif útbreiðslu COVID-19 á sölu pakkaferða.



# Tímabundin heimild til lækkunar tryggingarfjárhæðar

## 1. gr.

- Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
- Þrátt fyrir 4. mgr. 7. gr. er við ákvörðun á fjárhæð tryggingar á árinu 2020 heimilt að leggja til grundvallar áætlun tryggingaskylds aðila um tryggingaskylda veltu fyrir yfirstandandi rekstrarár.
- Skilyrði þess að ákvæði 1. mgr. eigi við er að áætlun tryggingaskylds aðila um tryggingaskylda veltu fyrir yfirstandandi rekstrarár sé lægri en tryggingaskyld velta síðasta rekstrarárs, að tryggingaskyldur aðili sé **ekki í vanskilum með opinber gjöld** eða að öðru leyti sé **ekki ástæða til að ætla að trygging muni ekki nægja komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar**.
- Við mat á fjárhæð tryggingar skv. 1. mgr. skal taka tillit til greiðslna sem ferðamenn hafa greitt vegna pakkaferða sem hefur verið **aflýst eða verið afpantaðar** á grundvelli óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna og eftir á að endurgreiða.

# Tímabundin heimild til lækkunar tryggingarfjárhæðar

- 1. gr. (frh.)
- Auk upplýsinga skv. 6. gr. skal tryggingaskyldur aðili fyrir 1. apríl 2020 skila til Ferðamálastofu upplýsingum fyrir yfirstandandi rekstrarár um fjölda pakkaferða sem hefur verið aflýst, fjölda pakkaferða sem hefur verið frestað og áætlun um hvenær þær ferðir verða framkvæmdar, og hlutfall endurgreiðslna á greiðslum sem ferðamenn hafa innt af hendi vegna pakkaferða sem hefur verið aflýst eða verið afpantaðar á grundvelli óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna.
- Heimilt er að ákveða fjárhæð tryggingar skv. 1. mgr. til skemmri tíma en 12 mánaða.
- Ef fyrirsjáanlegt er að tryggingaskyld velta verði umtalsvert meiri á gildistíma ákvörðunar skv. 1. mgr. en lagt var til grundvallar, er skylt að tilkynna aukna tryggingaskylda veltu til Ferðamálastofu, sbr. 9. gr.



# Skila 1. apríl

- Ársreikningur 2019 - áritaður/undirritaður
- Greining á veltu 2019
- Greining á veltu 2020
- Staðfesting endurskoðanda/skoðunarmanns/framkvæmdastjóra vegna bókhalds og greiningar á veltu 2019.

[Á vef Ferðamálastofu eru upplýsingar, eyðublöð og leiðbeiningar, bæði skrifaðar og myndbönd](#)



# Sértækar aðgerðir vegna COVID19

- Heimilt að miða við áætlun 2020
- Forsendur
  - Tryggingarskyld velta 2020 lægri en 2019
  - Skuldi ekki opinber gjöld
- Taka þarf tillit til þess sem á eftir að endurgreiða ferðamönnum vegna aflýsinga og afpantana
- Lækkun tímabundin



# Skil á gögnum vegna lækkunar á grundvelli sértækra aðgerða 2020

- Vottorð um skuldleysi
- Eyðublað á vef Ferðamálastofu - „2020 frestað aflýst“
  - Pakkaferðir sem hefur verið aflýst
  - Mótteknar greiðslur frá ferðamönnum vegna pakkaferða sem hefur verið aflýst eða afpantaðar.
  - Fjárhæðir sem á eftir að endurgreiða
  - Pakkaferðir sem er frestað – hvenær áformaðar



# Tímabundin lækkun - 8. gr. reglugerðar

- Rökstuðningur umsóknar (leyfishafar útbúa)
- Greining á áætlaðri veltu fyrstu 6 mánuði 2021 (eyðublað)
- Staðfesting endurskoðanda/skoðunarmanns vegna áætlaðrar veltu 2021 (endurskoðandi útbýr)
- Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs um að leyfishafi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld
  - Ekki yfirlit af greiðslustöðu

[Upplýsingar og eyðublað á vef Ferðamálastofu](#)





# Skila gögnum í þjónustugátt Ferðamálastofu

- Eyðublað vegna endurmats tryggingarfjárhæðar 2020
- Eyðublað vegna endurmats tryggingarfjárhæðar 2020 - sérákvæði
- Endurmat tryggingarfjárhæðar ásamt beiðni um lækkun vegna árstíðabundinnar sveiflu í rekstri
- Beiðni um lækkun tryggingarfjárhæðar (væntanlegt)



- Fylgjast með upplýsingapóstum, leiðbeiningum og áminningum frá netfanginu

[arlegskil@ferdamalastofa.is](mailto:arlegskil@ferdamalastofa.is)

